| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Þröstur Ásmundsson | **Sk.st.** | ÞRÁ |

**Áfangalýsing:** Áfangalýsing: HSP – 103 er kynning á og umfjöllun um nokkur frumhugtök heimspekilegra fræða á borð við rök, sannindi, þekkingu, vísindi og siðferði. Fjallað verður um ýmis sígild vandamál á sviði heimspekinnar og hvernig helstu heimspekingar sögunnar glímdu við þau. Samkvæmt sjálfsskilningi heimspekinnar er hún fyrst og fremst gagnrýnin hugsun sem er aftur undirstaða og kjölfesta allrar fræðimennsku.

**Markmið:** Nemandinn á að öðlast þekkingu á meginhugtökum helstu greina heimspekinnar, s.s. frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði , stjórnspeki og listheimspeki og um leið nokkra þekkingu á sögulegri þróun þeirra. Leitast verður við að nemandinn taki virkan þátt í umræðum og myndi sér sjálfstæðar skoðanir á viðfangsefnunum í anda gagnrýninnar hugsunar.
Áhersla verður lögð á verkefnavinnu.

**Námsgögn:** Heimspeki eftir Martin Levander (Rvík 1997) Ljósrit verður til sölu á skrifstofu. Margvísleg ljósrit með frumtextum eftir einstaka heimspekinga.

**Áætlun um yfirferð:**
35.-38. vika: Inngangur. Rökræður og merkingarfræði.
39.-43. vika: Hvað er raunveruleiki? Hvað er þekking/vísindi?
44.-48 vika: Hvernig eiga menn að breyta? Hugmyndir heimspekinga um tilgang lífsins

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Skrifleg verkefni gilda 100%:

1) Verkefni um gagnrýna hugsun 15 %

2) Verkefni um Platon 5%

3) Verkefni um þekkingarfræði 30%

4) Verkefni um siðfræði 30 %

5) Verkefni um Nietzsche, Kierkegaard og Sartre 20 %

Nemendur verða að skila öllum verkefnum til að standast áfangann. Lágmarkseinkunn er 5. (Sjá meðfylgjandi "Reglur um verkefnaskil" í Samfélagsfræðideild)
Verði nauðsynlegt að að gera breytingar á einstökum þáttum þessarar kennsluáætlunar verður það tilkynnt með góðum fyrirvara.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**